

ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRDUM

# Bæjarins besta

Miðvikudagur 7. maí 1997 • 18. tbl. • 14. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 170 m/vsk

## Köfun að Æsu hafin

# Reynt verður að finna lík skipverjanna tveggja

Sex breskir kafarar komu til Arnarfjarðar í gær til að undirbúa köfun niður að flaki skelfisksskipsins Æsu sem fórst þar síðastliðið sumar með tveimur skipverjum. Áætlað er að köfun hefjist í dag og munu aðgerðirnar standa yfir í fimm daga. Áætlaður kostnaður við verkið er um tíu milljónir króna.

Við aðgerðirnar á meðal annars að skoða ákveðna þætti í sambandi við rannsókn á ástæðum þess að skipið fórst auk þess sem kafararnir eiga að athuga hvort þeir finni lík skipverjanna tveggja um borð í Æsu og færa upp á yfirborðið. „Varðskipið fór frá Reykjavík í dag (mánudag) og það er áætlað að skipið verði komið vestur á Arnarfjörð á morgun.

Þá verður flakið staðsett og hafinn undirbúningur fyrir köfun á miðvikudag. Það verður reynt að finna lík skipverjanna auk þess sem ákveðin hlutir verða skoðaðir, sem geta varpað ljósi á slysið. Það á að hífa upp plóginn en framhald verksins ræðst að miklu leyti af því, hvað kemur í ljós er kafararnir koma niður að flakinu,” sagði Kristinn Ingólfsson, hjá Siglingastofnun í samtali við blaðið.

Eins og að framan greinir er kostnaður við verkið áætlaður um tíu milljónir króna, en þar fyrir utan er talsverður kostnaður fólginu í þátttöku varðskips og áhafnar þess, auk annars búnaðar sem innlendir aðilar leggja til verkefnisins.



Æsa ÍS.



Stúdentsefnin hvíla lúin bein í Jónsgarði á Ísafirði rétt fyrir hádegi.

# Stúdentsefni „dimmitera”

Það var heldur betur skrautlegur hópur sem átti leið um götur Ísafjarðar á miðvikudag í síðustu viku. Þar voru á ferðinni nemendur Framhaldsskóla Vestfjarða sem voru að „dimmitera” með öllum þeim óhljóðum og ærslum sem slíkri athöfn fylgir. Voru stúdentsefnin

klædd eins og geimverur og voru mörg þeirra fremur framleið á daginn enda hafði skemmtunin þá staðið frá því árla morguns. Blaðið vonar að heilsan hafi skilað sér enda veitir ekki af nú þegar mikill annatími er hafinn við próflestur.

Anna Friða Magnúsdóttir og Hilmar Magnússon, bæjarfulltrúi Funklistans í Ísafjarðarbæ voru á meðal stúdentsefnanna sem „dimmiteruðu” í síðustu viku.



## Byggðastofnun samþykkir kaup á hluta eigna Fáfnis hf.

# Rekstraraðilar hafa sýnt áhuga

Á fundi stjórnar Byggðastofnunar í gær var samþykkt að stofnunin gerðist aðili að kaupum á hluta eigna Fáfnis hf. á Þingeyri ásamt Fiskveiðasjóði og Landsbankanum. „Þetta er mjög mikilvægur áfangi að mínu mati og þarna er verið að leggja hönd á plóginn við endurreisn atvinnulífsins á Þingeyri,” sagði Einar K. Guðfinnsson, stjórnarmaður

í Byggðastofnun í samtali við blaðið.

Einar segir að með hluta eigna Fáfnis sé fyrst og fremst átt við frystihús og fiskimjölsverksmiðju. „Það liggur ekki fyrir formlegt samþykki Fiskveiðasjóðs og Landsbankans, en samkvæmt okkar upplýsingum er jákvæðra viðbragða að vænta frá þessum aðilum.“ Hann segir að áhersla verði

lögð á að hraða málinu þannig að hægt verði að auglýsa eignirnar til sölu eða leigu sem fyrst. Hann kvaðst aðspurður vita um aðila sem hefðu sýnt eignum og rekstri þeirra áhuga, en vildi ekki greina frá hverjir þeir væru á þessu stigi málsins. Samkvæmt upplýsingum blaðsins mun eigandi lítils fiskvinnslufyrirtækis í Bolungarvík hafa átt í viðræð-



um við eigendur Fáfnis um leigu á eignum fyrirtækisins.

Aðspurður um hvort frekari aðstoð yrði að ræða, t.d. varðandi kvóta, sagði hann að

það myndi skýrast síðar, þegar útséð væri hvernig atvinnustarfssemi yrði háttáð á Þingeyri. „Það fer ekkert á milli mála að í stjórn Byggðastof-

unar er mikill vilji til að styðja við bakið á endurreisn atvinnulífs á Þingeyri,” sagði Einar.

Blaðsíða 4

Hef að nokkru fengið uppreisn æru



Blaðsíða 5

Vill bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar eyðileggja Fáfnis?



Blaðsíða 6

Samstarfinu má líkja við gott hjónaband





Hafði bréfið áhrif á stjórnvöld?



**Guðrún Edda Gunnarsdóttir, sóknarprestur á Þingeyri:**

„Ég gleðst innilega yfir því að Byggðastofnun hefur tekið á málinu. Við sendum þetta bréf í bestu trú og það fóru hlutir að gerast nokkrum klukkutímum eftir að það komst í réttar hendur, þannig að ég vona að það hafi hjálpað til. Ég held að ýmislegt hafi verið í undirbúningi, en það hafi vantað að taka endanlega ákvörðun í málinu.“

*Nú stefnir allt í að hjól atvinnulífsins fari að snúast aftur á Þingeyri en á fundi í Byggðastofnun í gær, var ákveðið að hefja aðgerðir til hjálpar byggðarlaginu. Sóknarpresturinn og heilsgæslulæknirinn á staðnum sendu í síðustu viku bréf, með ákalli um aðgerðir, til forsætisráðherra og virðist það hafa náð eyrum ráðamanna.*

## Nýtt björgunarskip væntanlegt

# Vígt með viðhöfn 1. júní

Nýtt björgunarskip verður afhent slysavarnafélögum á Vestfjörðum á næstunni. Þarna er um að ræða þýskt skip, en landssöfnun á vegum Slysavarnafélags Íslands fór fram í vetur til fjárflounar fyrir skip af þessari tegund, sem áætlað er að verði staðsett í hverjum landsfjórðungi. Skipið, sem er úr áli, er smíðað árið 1969, tæpir 19 metrar á lengd og er ganghraðinn 16 mílur.

Skip Vestfirðinga verður afhent í Bremen í Þýskalandi föstudaginn 16. maí og því síðan siglt áleiðis til Íslands.

Skipstjóri á heimleiðinni verður Páll Ægir Pétursson, deildarstjóri björgunardeilda SVFÍ. Hermann Janssen verður vélstjóri, en hann kemur með skipinu fyrir hönd þjóðverjanna til að kenna Vestfirðingum á vélbúnað þess. Stýrimaður verður Pétur Bjarnason og háseti verður Hannes Pétursson, en þeir síðastnefndu eru báðir Ísafirðingar. Skipið kemur til Reykjavíkur 22. maí, þar sem það verður til sýnis í viku, en til heimahafnar, Ísafjarðar, 30. maí. Skipið verður síðan vígt með viðhöfn laugardaginn



Hið nýja björgunarskip sem væntanlegt er til Ísafjarðar.

1. júní, þ.e.a.s. sjómannadagshelgina, og því gefið nafn.

„Við vonumst til að geta fengið sem flesta báta og skip til þess að fylgja björgunarskipinu síðasta spölinn inn í Ísafjarðarhöfn, sagði Magnús Hansson, formaður undirbúningsnefndar vegna komu skipsins, í samtali við blaðið. „Það verða þrjár fjögurra

manna áhafnir á skipinu sem verða tilbúnar að fara í útköll, en það er ekki ljóst á þessari stundu hverjir verða í þeim. Jafnframt er ætlunin að ráða mann í hálf títill til að sjá um útgerðarstjórn,“ sagði Magnús. Hann vildi koma á framfæri við Vestfirðinga að þeir komi með tillögum að nöfnum á bátana, en þetta eru tveir bátar

og sá minni er uppdreginn í þann stóra. Tillögum skal skila fyrir 15. maí í tveimur umslögum, merkt Björgunarskip Vestfjarða SVFÍ, Pósthólf 145, Ísafirði. Annað umslagið með nöfnum bátanna og hitt með nafni þess sem sendir inn og skal það umslag vera lokað.

## Verkfall félagsmanna ASV

# Fyrstu verkfallsbæturnar greiddar

Engin hreyfing er á samningaviðræðum ASV og atvinnurekenda á Vestfjörðum. Þó hefur blaðið heimildir fyrir að menn hafi hist á óformlegum fundum til að reyna finna lausn á deilunni, en án árangurs. Aukin harka hefur hlaupið í verkfallsaðgerðir og ganga áskanir deiluaðila á milli um verkfallsbrot og ólögmetar aðgerðir. Í gærmorgun var um tíma umsátursástand um höfuðstöðvar Ísafjarðarleidar á Ísafirði en verkfallsmenn komu í veg fyrir fiskflutninga fyrirtækisins. Skógafoss, skip Eimskipafélagsins, var í Bolungar-

víkurhöfn í gær þar sem skipað var út fiskafurðum frá Bakka hf., en að öllu jöfnu fer útskipun ekki fram í Bolungarvík. Starfsmenn Bakka hafa ítrekað verið stöðvaðir við tilraunir til að ná í ís til Ísafjarðar, en ísframleiðsla á vegum fyrirtækisins er lítil sem engin og það því algjörlega háð ís annars staðar frá.

Nú munu atvinnurekendur bíða eftir nýjum tillögum ASV, en þær höfðu ekki komið fram í dagsljósið þegar blaðið fór í prentun. Verkfall hefur nú staðið í rúman hálfan mánuð og í síðustu viku voru greiddar



**Verkfallsfólk skipuleggur verkfallsvörslu í höfuðstöðvum ASV.**

út fyrstu verkfallsbætur til félagsmanna ASV sem eru í verkfalli. Um 300 félagsmenn í Baldri fengu greiddar bætur, en þær nema 12.410 krónum á viku fyrir þá sem eru í fullu starfi.



## Reykjanes við Djúp Nýir rekstraraðilar

Stofnað hefur verið nýtt fyrirtæki sem mun sjá um rekstur allhliða ferðaþjónustu í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp. Fyrirtækið býður gestum upp á gistingu í tveggja og þriggja manna herbergjum, í uppþúnum rúmunum, sem og svefnpoka-pláss í rúmunum eða í skólastofum.

Þá mun fyrirtækið reka veitingasölu í Reykjanes-skóla auk þess sem það býður ferðafólki upp á leigu á tjaldstöðum með aðgangi að salerni og sturtum. Ferða-

þjónustan Reykjanesi býður einnig til útleigu, sex og átta manna íbúðir auk þess sem það leigir Hveravíkurhúsið, sem er sex manna sumarhús með öllum húsbúnaði.

Í Reykjanesi er góð aðstaða til fundarhalds og ráðstefnuhalds, ættarmóta, ársátíða, nemendamóta og fjölskyldumóta, svo fátt eitt sé talið. Í frétt frá fyrirtækinu segir m.a. að öllum handverksfélögum á Vestfjörðum hafi verið boðin sýningaraðstaða í Reykjanesi um mánaðarmótin júlí og ágúst.

## Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1994

### Útgefandi:

H-prent ehf.  
Sólgötu 9,  
400 Ísafjörður  
☎ 456 4560  
☐ 456 4564

### Ábyrgðarmenn:

Sigurjón J. Sigurðsson  
Halldór Sveinbjörnsson

### Ritstjóri:

Sigurjón J. Sigurðsson

### Blaðamaður:

Magnús Hávarðarson

### Netfang:

hprent@snerpa.is

### Stafræn útgáfa:

http://www.snerpa.is/bb

# Leyfið þeim að róa

Leiðari

Hugmyndir eru uppi um lausn á atvinnuvandamálum þess hluta íbúa hins nýja Ísafjarðarbæjar, sem landfræðilega býr á Þingeyri. Fregnir herma að hinir þrjú stóru, Byggðastofnun, Fiskveiðisjóður og Landsbanki hafi tekið höndum saman um myndun eignarhaldsfélags með því að leysa til sín frystihúsið og fiskimjölsverksmiðjuna á Þingeyri upp í skuldir.

Dauðateygjur atvinnulífsins á Þingeyri hafa varað lengi. Meira að segja svo lengi að sóknarprestur og heilsgæslulæknir staðarins sáu sig knúða til að vekja athygli forsætisráðherra á ástandinu. Bentu þeir ráðherranum á, að það væri yfirlýst stefna stjórnar hans að viðhalda byggð í landinu og nú reyndi á innihald þeirra orða. Svo illa væri komið fyrir Þingeyri, þar sem lengi hefði blómgastr gott mannlíf, að íbúarnir hefðu gefið upp alla von og yfirgæfu nú verðlausar eignir sínar í plássinu, líkt og sökkvandi skip.

Orð eru eitt, efndir annað. Téður ráðherra hefur staðfest að stjórn hans vilji sjá trausta byggð sem viðast um landið. En, segir ráðherrann, tími sértækra aðgerða er liðinn. Óútfylltar ávisanir eru ekki lengur gefnar út. Bjargi sér nú hver, sem betur getur. Þingeyringar áttu að geta séð þetta fyrir. Við því var að búast að svona færi, þegar atvinnuvegurinn er nánast fluttur burtu. Undir þetta þurfa aðrir staðir á borð við Þingeyri að búa sig. Svo er a.m.k. að skilja á stjórnvöldum.

Rétt er að vekja sérstaka athygli á síðari hluta greinar Kristjáns Pálssonar, alþingismanns, í síðasta töl. BB, sem hann skrifar í tilefni leiðara blaðsins 16. f.m. Þar fjallar þingmaðurinn um þau staðföstu áform ríkisstjórnar

Davíðs Oddssonar að heimila veðsetningu kvótans. Þingmaðurinn hefur lýst sig andvígán þeirri ákvörðun og kveður veiðheimildina torvela allar breytingar á núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi, en það hlýtur að vera grundvallaratriði að loka ekki fyrir þann möguleika. Kristján segir: „Þetta (heimildin) mun leiða til þess að lánadrottinn sjávarútvegsins munu krefjast enn frekari samruna sjávarútvegsfyrirtækja á valda staði svo auðveldara verði að flytja veðskuldir sjávarútvegsins á aflaheimildir. Það mun enn festa í sessi eignarétt útgerðanna og lánadrottina yfir kvótanum. Að veðsetja óveiddan fisk í sjónum er í hrópandi ósamræmi við það ákvæði í fiskveiðistjórnunarlögunum um að fiskistofnarnir séu sameign íslensku þjóðarinnar.“ Síðan segir þingmaðurinn: „Því miður er allt lítil fyrir að frumvarpið verði samþykkt, sem mun leiða til enn meiri samkeppni um fyrirtækin á Ísafirði sem og annars staðar um landið. Þetta er ekki landsbyggðarvæn breyting.“

Vandséð er að atvinnumálin á Þingeyri verði leyst með enn einu félaginu, með enn einu nýju láni og nú til að kaupa kvóta! (Hvert rynnir sú greiðsla?) Vandí Þingeyringa í hnotskum er vandí íbúa fjölda annarra sjávarpláss. Þennan vanda á að leysa með því að færa fólkinu aftur réttinn til að sækja sjávarfang. Leyfa því að róa.

Það væri landsbyggðarvæn breyting frá núverandi helstefnu, sem er að tröllríða hverju sjávarplássinu á fætur öðru.

s.h.

# VANTAR ÞIG FERMINGARGJÖF? VIÐ HÖFUM HANA!




**SÓLKROSSINN**  
TÁKN FYRIR TRÚNA  
Á HIÐ JÁKVÆÐA



**TÖFRARÚNIR**  
Í ÚRVALI

**FERMINGARÚRIÐ FÆRÐU HJÁ OKKUR**  
PIERPONT, ORIENT,  
FONTENAY OG TISSON  
**GOTT ÚR ER GÓÐ GJÖF**



**VERIÐ VELKOMIN**  
**AXEL EIRÍKSSON**  
Álfabakka 16, Mjóddinni, sími 587 0706  
Aðalstræti 22, Ísafirði, sími 456 3032



## Ferðabjónustan Reykjanesi ehf.

opnar í byrjun  
júni 1997



Gisting • Veitingasala  
Tjaldstæði • Bensínsala  
Leiga á íbúðum og Hveravíkurhúsinu

Nánari upplýsingar í sínum:  
456 3963, Margrét  
456 4364, Rúnar Þór  
Eftir 1. júní í sínum:  
456 4844, 456 5052

**Á Eyvinni**  
Veitingastaður Kaffihús  
Mánagata 1 - Sími 456 4306 Fisherhúsi anno 1884

**Súper dúettinn**

**Baldur og Margrét**

með stanslaust fjör á miðvikudagskvöld  
(daginn fyrir Uppstigningardag) frá kl. 23:00 til kl. 03:00

**Ísfirski trúbadorinn vinsæli**

**Guðmundur Hjaltason**

heldur uppi ekta kráarstemmningu nk.  
föstudagskvöldið frá kl. 23:00 til kl. 03:00  
Ljúffengir kráarsmáréttir framreiddir frá kl. 19:00

**Hljómsveitin Rós**

Skemmtir í þrumustuði laugardagskvöld  
frá kl. 23:00 til kl. 03:00

Þjóðum kvöldmatargestum matseðill með ljúffengum réttum  
frá kl. 19:00 á miðvikudags- og laugardagskvöld

Borðapantanir daglega frá kl. 12:00 til kl. 17:00

Húsið opið aðeins fyrir matargesti frá kl. 19:00 til kl. 23:00

Mætið tímanlega, því það er ávallt fjölmenn og fjör hjá okkur

Njótið góðs matar og skemmtið ykkur á góðum veitingastað með góðri tónlist

Aðgangseyrir fyrir aðra en matargesti á miðvikudags- og laugardagskvöld er kr. 500,-

Veglegir vinningar í boði

## Ferða- kynning

í mötuneyti FVÍ fimmtudaginn 8. maí

milli kl. 15:00 og 17:00

**Kynning á  
sumar- og haustferðum**


**Sumartískan frá  
Jóni og Gunnu**

**Egill Hreinsson**  
spilar á píanóið

**Kaffihlaðborð frá  
Hótel Ísafirði**

Á aðeins kr. 600,-

**Happdrætti**



**Samvinnuferðir - Landsýn**  
Hafnarstræti 7 • Ísafirði • Sími 456 5390



# Ég hef að nokkru fengið uppreisn æru

„Ég lít svo á, að ég sé búinn að gera það sem mér ber að gera að svo stöddu. Það er afskaplega óskemmtilegt að vera í sviðsljósinu með þessum hætti“, sagði Hlynur Þór Magnússon á Ísafirði þegar Bæjarins besta hafði samband við hann, en Hlynur starfaði í Síðumúlafangelsi á tímum Guðmundar- og Geirfinns- mála og var meðal þeirra sem komu fram í þáttunum Aðför að lögum í Sjónvarpinu í síðustu viku.

Hann neitaði að ræða einstök málsatvik við blaðið og sagði það ekki þjóna neinum tilgangi á þessari stundu. „Á hinn bóginn var það einfaldlega skylda mín, síðferðisleg en væntanlega einnig lagaleg, að greina frá þessum hlutum. Og þegar kerfið sjálft aldrei neinn minnsta áhuga á því að taka við slíkum upplýsingum eða kynna sér þær frekar, t.d. með skýrslutöku eða fyrir dómi, þá er óhjákvæmilegt að koma þeim á framfæri með öðrum hætti. Ég gerði það í töluvert rækilegu viðtali



## Hlynur Þór Magnússon í viðtali um rannsókn Geirfinns- og Guðmundarmála

sem Finnbogi Hermannsson átti við mig fyrir tímaritið Mannlíf fyrir tæpum áratug. Fyrir þann tíma hafði ég raunar ekki legið á vitneskju minni, án þess að því væri nokkuð sinnt.

### Ég var stimplaður lygari

Mannlífsviðtalið breytti heldur engu í því efni. Það varð mér eingöngu til óþæginda og leiðinda. Ég var stimplaður lygari og ómerkingur og svikari við fyrrverandi samstarfs-

menn mína og yfirboðara og fulltrúa réttvísinnar. Lokins þegar rannsókn Guðmundar- og Geirfinns- mála kom á ný til opinberrar umfjöllunar í byrjun síðasta árs leituðu fjölmiðlar til mín af miklum ákafa og írafári. Ég staðfesti þá það sem ég hafði áður sagt. Þegar Ragnar Aðalsteinsson hrl., þá nýskipaður réttargæslumaður eins hinna sakfelldu í nefndum málum, óskaði síðan eftir því á síðasta ári að fá að ræða við mig og fá

vitnisburð minn, tók ég því að sjálfsgöðu vel. Sama máli gegndi um Sigurstein Mátsson, þegar hann fór að vinna að gerð heimildabátta sinna, enda taldi ég mig sjá að þar væri ekki stefnt að neinum hefðbundnum, handahófskenndum og flumbrugum fjölmiðlaupplætti, heldur vönduðum og

ábyrgum vinnubrögðum. Þær væntingar brugðust ekki, að því leyti sem ég kann að vera dömbær um“, segir Hlynur. „Ekki alls fyrir löngu fékkst loksins aðgangur að hinum ítarlegu dagbókum Síðumúlafangelsis, en áður voru þær ýmist sagðar glataðar eða að þær fengjust ekki

afhentar. Það eitt, að leyndinni á þeim skuli hafa verið aflétt, er nokkur uppreisn æru fyrir mig. Sitthvað sem þar er skráð af mikilli nákvæmni, auk annars sem undanfarið hefur smátt og smátt verið að koma fram, staðfestir fullkomlega það sem ég hef alltaf haldið fram, án þess að ég hafi



**Pantanasíminn er 456 3367**



## TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL

HAFNARSTRÆTI 1 • ÍSAFIRÐI • ☎ 456 3940 & 456 3244 • ☐ 456 4547

### Fasteignaviðskipti

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskrá skrifstofunnar. Allar frekari upplýsingar varðandi söluskrá fasteigna eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1, 3. hæð.

#### Einbýlishús / raðhús

**Bakkavegur 23:** 133,8m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð ásamt 34,9m<sup>2</sup> bílskúr. Verð kr. 8.900.000,-  
**Bakkavegur 25:** 154m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Verð: 8.700.000,-  
**Brautarholt 12:** 143,3m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð ásamt 56m<sup>2</sup> bílskúr. Verð: 11.300.000,-  
**Dalbraut 13:** 120,7m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Verð: 9.500.000,-  
**Fagraholt 12:** 156,7m<sup>2</sup> einbýlishús á

einni hæð ásamt bílskúr. Skipti á minni eign á Eyrinni möguleg. Tilboð óskast.  
**Hafraholt 14:** 144,4m<sup>2</sup> raðhús á tveimur hæðum, ásamt bílskúr. Verð: 9.500.000,-  
**Heiðarbraut 6:** 133,3m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Verð: 10.700.000,-  
**Hjallavegur 19:** 242m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Skipti á minni eign mögu-eg. Verð: 12.700.000,-  
**Hlíðarvegur 26a:** 120m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara. Verð: 6.700.000,-



**Silfurgata 9:** 150m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum, ásamt garði, kjallara og geymsluskúr. Tilboð óskast.



**Skólavegur 1:** 62,8m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara og þurrkhjalli. Verð: 3.500.000,-

**Hlíðarvegur 38:** 183,2m<sup>2</sup> raðhús á þremur hæðum. Verð: 9.500.000,-  
**Miðtún 31:** 190m<sup>2</sup> endaraðhús í norðurenda á tveimur hæðum. Tilboð óskast.  
**Hlíðarvegur 48:** 146,4m<sup>2</sup> einbýlishús á þremur þöllum, mjög falllegt útsýni. Verð: 7.000.000,-  
**Skipagata 11:** 78 m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum. Tilboð óskast.  
**Stakknes 4:** 144 m<sup>2</sup> raðhús á 2 hæðum ásamt bílskúr og sölstofu. Skipti möguleg á Eyrinni. Verð: 9.900.000,-  
**Stakknes 6:** 144 m<sup>2</sup> raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr og sölstofu. Skipti minni eign möguleg. Verð: 10.900.000,-  
**Strandgata 3:** 130,5m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum ásamt geymslu-skúr. Verð: 3.500.000,-  
**Tangagata 6a:** 99,7m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum ásamt litlum kjallara. Verð: 6.800.000,-  
**Urðarvegur 26:** 236,9m<sup>2</sup> raðhús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 11.800.000,-

#### 4-6 herbergja íbúðir

**Engjavegur 21:** 132,2m<sup>2</sup> 4-5 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi

ásamt kjallara. Verð: 8.500.000,-  
**Engjavegur 31:** 92,1m<sup>2</sup> 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Mikilið uppgerð. Verð: 5.900.000,-  
**Fjarðarstræti 4:** 120m<sup>2</sup> 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi. Verð kr. 6.500.000,-  
**Fjarðarstræti 14:** 191m<sup>2</sup> 3ja herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi ásamt kjallara. Verð: 6.200.000,-  
**Fjarðarstræti 38:** 130m<sup>2</sup> 5 herbergja íbúð á 2 hæðum í þrjúbýlishúsi. Hagstæð lán fylgja. Verð: 7.000.000,-

**Pólgata 4:** 136m<sup>2</sup> 5 herbergja íbúð á 2 hæð í þrjúbýlishúsi ásamt litlum bílskúr. Verð: 5.500.000,-  
**Seljalandsvegur 20:** 125,2m<sup>2</sup> 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýli. Verð: 7.900.000,-  
**Seljalandsvegur 20:** 161,2m<sup>2</sup> 5-6 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt stórum bílskúr. Mjög falllegt útsýni. Verð: 10.700.000,-  
**Sólgata 5:** 102m<sup>2</sup> 6 herbergja íbúð á tveimur hæðum í norðurenda í tvíbýlishúsi. Verð: 5.000.000,-  
**Stórholt 7:** 116m<sup>2</sup> 4ra herbergja íbúð á 3. hæð. t.h. í fjölbýlishúsi. Verð 7.400.000,-  
**Stórholt 11:** 103m<sup>2</sup> 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi ásamt bílageymslu. Íbúðin er laus fjótlega.

Verð: 7.800.000,-  
**Tangagata 20:** 70m<sup>2</sup> 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Engar áhvilandi veðskuldir. Verð: 3.500.000,-  
**Túngata 12:** 98,9m<sup>2</sup> 4ra herbergja íbúð á efri hæð í þrjúbýlishúsi. Mikilið uppgerð. Verð: 6.700.000,-  
**Túngata 21:** 77,5m<sup>2</sup> 4ra herbergja risibúð í þrjúbýlishúsi. Verð: 5.600.000,-  
**Urðarvegur 25 - Hraunprýði:** 155m<sup>2</sup> 5-6 herbergja íbúð á 2 hæðum að hluta í tvíbýlishúsi ásamt bílskúr. Skipti á ódýrari eign möguleg. Tilboð óskast.

#### 3ja herbergja íbúðir

**Aðalstræti 20:** 98m<sup>2</sup> íbúð á 2. hæð t.v. í fjölbýlishúsi ásamt sérgeymslu. Verð: 6.900.000,-  
**Fjarðarstræti 13:** 80m<sup>2</sup> íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi, tvö aukaherbergi í risi og kjallara. Verð 5.900.000,-  
**Hlíðarvegur 27:** 76m<sup>2</sup> íbúð á efri hæð tvíbýlishúsi ásamt 35m<sup>2</sup> bílskúr. Mögulegt að taka bíl uppi. Verð: 5.500.000,-  
**Seljalandsvegur 67:** 107m<sup>2</sup> íbúð á neðri hæð í tvíbýli. Verð: 6.000.000,-  
**Stórholt 7:** 74,6 m<sup>2</sup> íbúð á 1. hæð

fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.100.000,-  
**Stórholt 7:** 74,6 m<sup>2</sup> íbúð á 3. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 4.900.000,-  
**Stórholt 9:** 74,6m<sup>2</sup> íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.300.000,-  
**Stórholt 11:** 80m<sup>2</sup> 3ja herbergja íbúð á 3 hæð í fjölbýlishúsi. Verð: 6.000.000,-  
**Stórholt 11:** 80 m<sup>2</sup> 3ja herbergja íbúð á 2 hæð í fjölbýlishúsi ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 6.900.000,-  
**Stórholt 11:** 72,6m<sup>2</sup> 3ja herbergja íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Verð: 4.500.000,-

#### 2ja herbergja íbúðir

**Sundstræti 24:** 69m<sup>2</sup> íbúð á jarðhæð í þrjúbýlishúsi. Íbúðin er mikilið uppgerð. Verð: 5.200.000,-

#### Bolungarvík

**Hlíðarstræti 7:** 110m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð ásamt háalofti og tvöföldum bílskúr. Verð: 7.600.000,-



**Hlíf II:** 50,4m<sup>2</sup> íbúð á 2. hæð í Dvalarheimili aldraðra Verð: 6.100.000,- Einnig 50,4 m<sup>2</sup> íbúð á 4 hæð í Dvalarheimili aldraðra. Verð: 5.900.000,-

átt gott með að sanna það, hvað þá þegar hinir ágætu fulltrúar réttvísinnar, sem unnu við rannsókn málsins og gæslu sakborninganna á sínum tíma, stóðu saman eins og veggur og sógðu mig ljúga. Nú hafa einnig fleiri starfsmenn í Síðumúla á þessum tíma staðfest að rétt sé frá sagt, án þess að þeir hafi árátt að koma fram opinberlega, enn sem komið er, sem kannski er skiljanlegt. Að sama skapi hafa viðbrögðin sem ég hef orðið fyrir núna verið með allt öðrum hætti en eftir að viðtalið birtist í Mannlífi á sínum tíma. Nú hef ég hreinlega ekki heyrt bofs, nema frá einstaka fólki sem hefur þakkað mér fyrir og jafnvel látið í ljós virðingu sína. En hvernig kerfið og starfsmenn þess, fyrrverandi og núverandi, kunna að bregðast við gagnvart mér að þessu sinni, veit ég að sjálfsögðu ekkert um. Það er hætt við að vegir kerfisins og réttvísinnar séu næsta órannsaknlegir.“

Hlynur Þór hefur verið búsettur á Ísafirði í tæp tólf ár eða frá hausti 1985, þegar hann kom vestur til að kenna íslensku við Menntaskólann á Ísafirði, sem nú heitir Framhalds-

skóli Vestfjarða. Hér hefur hann búið síðan og einkum fengist við blaðamennsku og önnur ritstörf og gerir enn. Í vetur hefur hann kennt þýsku og íslensku við Framhaldsskóla Vestfjarða.

### Þetta er búið að liggja á manni öll þessi ár

Forsaga þess, að Hlynur kom til starfa í Síðumúlafangelsi á sínum tíma (í ársbyrjun 1976) var sú, að með háskólanámi hafði hann starfað nokkur sumur sem afleysingamaður í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg. Þegar Guðmundar- og Geirfinns-mál komu upp voru gerðar ýmsar breytingar á skipulagi og vinnubrögðum í Síðumúlafangelsi. Sumir sem þar unnu og ekki var treyst nægilega vel voru fluttir burt til annarra starfa og jafnframt var gæsla hert og ekki síst leitað að mönnum sem unnið hefðu að skyldum störfum hjá hinu opinbera og reynt sérlega traustir. Þá var m.a. leitað til Hlyns og kom hann til starfa í Síðumúla í fyrri hluta febrúar 1976, einmitt sama daginn og Sigurbjörn Eiríksson forstjóri

Klúbbsins var settur í gæsluvarðhald. Þá var hálfur mánuður liðinn frá því að þeir Magnús Leópoldsson, Einar Bollason og Valdimar Olsen voru settir inn. Hlynur segir að Síðumúlafangelsið hafi á þessum tíma verið vægast sagt undarlegt samfélag og gjörólikt því sem hann hafði áður kynnst í Hegningarhúsinu, þar sem andrúmsloftið var manneskjulegt, mildt og gott, eins og hann orðar það. Hann kveðst hafa verið ósáttur við vinnubrögðin við rannsókn þessara mála, en séð sér þann kost vænstan að halda áfram, mæta á vaktir og sinna sínu starfi, ekki síst í ljósi þess hvernig fór fyrir einum starfsmanni í Síðumúlafangelsi sem gerðist svodjarfur að gagnrýna meðferð á sakborningum. Sá starfsmaður kom engu til leiðar og kallaði einungis yfir sig ofsóknir og djöfulskap og var flæmdur í burtu. „Þetta er búið að liggja á manni öll þessi ár“, segir Hlynur. „Einhver pistlahöfundurinn var í síðustu viku að þvæla um hetjuskap hjá mér að þora að koma fram og segja sannleikann. En slíkt er fullkominn misskilningur. Ég tel að það hljóti

þvert á móti að vera sannur hetjuskapur að geta þagað um svona hluti fram í rauðan dauðann og bera vitni um meiri sálarstyrk eða a.m.k. annars eðlis en mér er gefinn.“

### Hlutirnir sýndir eins og þeir voru

Í umsögn í DV í síðustu viku er að flestu leyti farið lofsamlegum orðum um þætti Sigursteins Mássonar og féлага hans, Aðför að lögum, en þar segir þó: „Á einum stað í myndinni er þó skotið yfir markið, þegar verið er að sýna harðræðið í Síðumúlafangelsinu með mjög stílfærðum sviðsetningum. Það gerði umfjöllunina beinlínis ósannfærandi.“ Aðspurður um þetta segir Hlynur, að þarna hafi hlutirnir einfaldlega verið sýndir eins og þeir voru, en vill ekki ræða það frekar hér. Hlynur nefnir aftur á móti, að sér hafi e.t.v. þótt vanta nánari athugun á störfum réttargæslumanna sakborninganna í Geirfinns- og Guðmundarmálum og afstöðu þeirra til fólksins sem þeir áttu að verja. – En má ekki búast við

að þú verðir lykilverni ef málið verður tekið upp aftur fyrir dómstólum? „Það veit ég ekkert um. Ég get reyndar ekki séð að þar geti orðið um neitt sérstakt lykilverni að ræða. Minn framburður er aðeins einn steinn í stórrí hleðslu og einskis virði einn út af fyrir sig, eins og reynslan hefur sýnt. Ég mun vissulega koma fyrir dóm og greina frá vitneskju minni, hvenær sem þess kann að verða óskað. Ég hef alltaf verið reiðubúinn til þess og raunar hált í hvoru beidið eftir því öll þessi ár. En hvað úr þessu máli verður nú veit ég ekkert um. Sennilega ekki neitt. Auðvitað er miklu brýnna að koma lögum yfir Spaugstofumenn og annan stórhættulegan glæpalýð sem núna veður uppi í samfélaginu. Ég get ekki sagt, að fenginni reynslu minni, að ég beri á síðari árum almennt verulega mikið traust til kerfisins eða réttvísinnar svokölluðu eða fulltrúa hennar. Það er vægast sagt nokkuð undarlegt, og raunar verulegt áfall, að lifa í þeim bláeyga barnaskap fram undir þrúgum að maður eigi heima í réttarríki, að réttvísinnar starfi af heiðarleika, leiti sann-

leikans og gæti réttlætisins með lögmætum og eðlilegum hætti – og kynnað svo þessum ósköpum. Það er erfitt að treysta nokkru eftir að krosstrén bregðast. Ég vil þó taka fram, úr því að um þetta er spurt, að það hefur aldrei hvarflað að mér, að Björn heitinn Sveinbjörnsson, sem var forseti Hæstaréttar árið 1980 og las upp dómsorðið á sínum tíma, eins og menn sáu í þáttum Sigursteins Mássonar, eða aðrir þeir sem skipuðu Hæstarétt á þeim tíma, hafi viljandi vikið af götu sannleikans eða dæmt annað en þeir töldu rétt, eftir þeim gögnum sem fyrir lágu og í góðri trú. Ég þekkti Björn persónulega frá gamalli tíð sem sérlega heiðarlegan og grandvaran mann. Um þessi mál fór hins vegar aldrei auka-tekið orð á milli okkar. Ég get aftur á móti ekki varist þeim grun, að villt hafi verið um fyrir Hæstarétti í einstökum atriðum og hann leyndur einu og öðru, sem hugsanlega hefði getað breytt afstöðu dómsins með einhverjum hætti á sínum tíma“, sagði Hlynur Þór að lokum.

## Sigurður Kristjánsson framkvæmdastjóri Fáfnis hf. á Þingeyri skrifar

# Vill bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar eyðileggja Fáfni hf.?

Í síðasta tölublaði Bæjarins besta, birtist viðtal við Þorstein Jóhannesson, forseta bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar. Viðtalið er hið furðulegasta og er af hálfu Þorsteins einhver klaufalegasta tilraun sem hugsast getur til þess að afsaka aðgerðarleysi bæjarfélagsins gagnvart atvinnumálum Þingeyrar. En það er eitt til sem er verra en gera ekki neitt, en það er að reyna að spilla fyrir mögulegum árangri heimamanna í gegnum atvinnufyrirtækin á Þingeyri með því m.a. að gera lítið úr þeirri baráttu sem þar hefur farið fram og telja hana vonlausu. Þetta er þokkalegt hlutverk kjörinna fulltrúa í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar og verður ekki flokkað undir annað en pólitíska niðurrífsstarfsemi. Varla væri því vel tekið af íbúum Ísafjarðarbæjar ef það væri stefna bæjarstjórnar að öll veikburða atvinnufyrirtæki bæjarfélagsins væru lögð af eða gildir ef til vill þessi regla aðeins fyrir Fáfni og eitthvað gagnstætt fyrir önnur fyrirtæki.

Hvað væri eðlilegra en ráðamenn Ísafjarðarbæjar kæmu einhuga að vandamálum atvinnulífsins á Þingeyri og vildu leysa þau þótt fyrr væri. Og slíka vinnu er best að framkvæma í gegnum starfandi atvinnufyrirtæki, með því að styrkja þau en ekki með því að tala um uppgjöf og gjaldþrot. Þrátt fyrir samvinnureksturinn á Þingeyri um áratuga skeið sem greinilega fer fyrir brjósti á sumum, þá er Fáfni hlutafélag sem er háð sömu lögum og reglum og önnur hlutafélög. Þegar Þorsteinn gefur í skyn að Fáfni sé

lokað félag, segir að það komist enginn að fyrirtækinu fyrir núverandi stjórn, þá verður að segja að slík ummæli eru varla svara verð. Það hefur ekki staðið á stjórnendum Fáfnis varðandi náð samstarf við bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar í tíð núverandi stjórnar Fáfnis og þar er hægt að leggja fram ýmiss bréf til sönnunar, bréf sem yfirleitt hefur ekki verið svarað af hálfu bæjarfélagsins. En þegar allt er komið í eindaga, reynir forseti bæjarstjórnar einmitt ekki að axla ábyrgð þótt viðtalið sé skráð undir fyrirsögninni „Skorumst ekki undan ábyrgð“. En þótt Þorsteinn reyni að vísa allri ábyrgð á þessu stórkostlega klúðri bæjarfélagsins á stjórnendum Fáfnis, þá gengur sá málflutningur einfaldlega ekki upp.

### Sváfu fulltrúar Ísafjarðarbæjar á verðinum?

Forseti bæjarstjórnar getur ekki verið svo illa að sér um málefni Fáfnis að hann viti ekki að það varð að leita sérstakra leiða, þegar bæjarstjóri kom sér hjá viðtölum og fundum við fulltrúa Fáfnis s.l. sumar. Sem betur fer voru aðilar í bæjarstjórn sem áttu skilning á því að málefni Þingeyrar væru brýn og sáu til þess að fundi væri að lokum komið á um



Frá Þingeyri.

þessi mál og meira að segja með þátttöku bæjarstjóra. Annað mál er það að engu virtist vera fylgt eftir af hálfu bæjarfélagsins.

Forseti bæjarstjórnar getur ekki verið svo illa að sér um málefni Fáfnis að hann viti ekki að Ísafjarðarbær og Olúfélagið hf. höfðu það nánast í hendi sér hvort Fáfni yrði tekin með í Básafellið nýja, Fáfni sjálf sem félag eða eignarnar keyptar af félaginu. Þegar Þorsteinn talar um það að á hluthafafundinum 26. apríl, hafi verið „ósköp lítill svör“ þá getur hann þess ekki að óskað hafi verið svara á þessum sama fundi varðandi þátt Ísafjarðarbæjar gagnvart ósk Fáfni-manna að gerast aðili að Básafelli. Það skyldi nú ekki vera að fulltrúar

Ísafjarðarbæjar hafi sofið á verðinum gagnvart því að tryggja Dýrfirðingum þátttöku í þessu stóra fiskvinnslu- og útgerðarfyrirtæki. Ef Ísafjarðarbær hefði ekki gjörðumlegra svikist undan ábyrgð í þessu máli, þá væri frystihús Fáfnis nú undir sömu stjórn og Sléttanes ÍS og væntanlega full vinna í frystihúsinu á Þingeyri. Svo geta þessir sömu menn leitað að blóraböggjum um allar jarðir en þeir komast aldrei undan sinni ábyrgð á þessum mistökum gagnvart fólkinu á Þingeyri.

### Gróft afskiptaleysi

Það má síður minnast á Sléttanes ÍS-808 og aðkomu Sléttanes hf. að Básafelli með svo til allan aflakvóta Þingeyrar í umræddu viðtali og segir Þorsteinn að það mál hafi ekki byrjað með sameiningu sveitarfélaganna á norðanverðum Vestfjörðum. Þetta er rétt hjá Þorsteini en það breytir engu um það að talandi um stöðuna í dag, þá er ekki nema tvennt sem bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar getur beitt sér fyrir, annað hvort að Sléttanes ÍS verði áfram og óbreytt gert út frá Þingeyri, eða þá að hlutur bæjarins í Básafelli, sá hlutur sem kom inn í félagið frá Sléttanesi hf., verði seldur og andvirðinu varið til atvinnurekstrar á Þingeyri. Það hljóta allir að sjá að þetta sameinaða bæjarfélag,

þótt það hafi á stefnuskrá sinni að koma ekki nálægt atvinnurekstri, sem er auðvitað algjörlega út í hött að útiloka, þá getur það ekki haldið sveitarfélaginu saman með grófu afskiptaleysi af þáttum sem bærinn getur hæglega stýrt til betri vegar.

Þegar stjórn Fáfnis barst bréf frá Ísafjarðarbæ, dags. 9. apríl s.l., sem var beiðni um hluthafafund í Fáfni til þess að hluthöfum væri gerð grein fyrir stöðu fyrirtækisins, þá vakti það veika von hjá undirrituðum um það að nú vildu ráðamenn Ísafjarðarbæjar reyna að bæta fyrir sinnuleysi sitt og koma að málum Fáfnis. Á þessum fundi voru hluthafar upplýstir mjög ítarlega um tilraunir stjórnenda Fáfnis hf. til þess að vinna fyrirtækið út úr erfiðri stöðu. Það var ekki sök heimamanna og örugglega ekki Þorsteins heldur að hann missti af þessu erindi, en úr því er hægt að bæta. Þingeyrarhreppur átti sérstakan fulltrúa í stjórn Fáfnis og þá Ísafjarðarbær núna og sá fulltrúi hefur sýnt fulla samstöðu og ábyrgð með öðrum stjórnarmönnum um ákvarðanir félagsins. Það hefur aldrei brotið á því að tillögum þessa stjórnarmanns væri hafnað. Þegar Þorsteinn leyfir sér að fara lífúlsvirðingar orðum um stjórn Fáfnis, þá ber honum að tilgreina ávirðingar stjórnarinnar og hvað hefði átt að gera

á annan hátt en gert var. Skýrsla sú sem flutt var á umræddum hluthafafundi, bendir til þess að fátt hafi verið vanrækt í tilraunum til þess að halda atvinnu áfram á Þingeyri eins lengi og mögulegt var og jafnframt að leita að traustari undirstöðu undir rekstri fiskvinnslunnar. Saga síðustu tveggja ára segir okkur að þessar tilraunir hafi margar strandað á félagslegu sinnuleysi, kröfum um þá hagnaðarvon sem nú tíðkast og svo pólitískri andstöðu sem fær að hluta til sitt fóður fyrir skort á jákvæðri byggðastefnu og að hluta til fyrir gamalkunna andúð á samvinnurekstrinum af hálfu íhaldsafla.

Það er ekki sanngjarnt að hlutur Þingeyrar sé fyrir borð borinn af slíkum ástæðum, ekki síst eftir það að þessi félög samvinnumanna hafa byggt atvinnurekstur á Þingeyri það vel og myndarlega upp að af því gætu stærri staðir verið stoltir. Þingeyri hefur í þessu notid þess að hér hefur búið harðduglegt fólk sem hefur tekið þátt í fiskveiðum og fiskvinnslu með góðum árangri, allt þar til að ný fiskveiðilög vörðuðu veg hignunar og samdráttar á Vestfjörðum. Eitt geta Vestfirðingar gert í erfiðri stöðu, en það er að standa saman og krefjast réttar síns til fiskveiða, réttar síns til lífsafkomu í litlu sjávarþorpunum og góðbylum sauðfjárþúskaþarins. Ef fólk gerir það ekki, þá verður það einfaldlega undir í sviptingunum í þessu íslenska þjóðfélagi.

Sigurður Kristjánsson, Þingeyri. Millifyrirsagnir eru blaðsins.



Eiríkur og Einar Valur hf., hefur í gegnum árin verið eitt helsta verktakafyrirtækið á Ísafirði og hefur haft með höndum margar stórar framkvæmdir á ýmsum sviðum. Nú fagna eigendurnir merkum áfanga, en í dag eru nákvæmlega 20 ár frá því að Eiríkur Kristófersson og Einar Valur Kristjánsson stofnuðu fyrirtækið formlega. Af því tilefni átti blaðið viðtal við framkvæmdastjóra fyrirtækisins, Eirík Kristófersson.

Eiríkur, kom fyrst til Ísafjarðar frá Hafnarfirði í september 1974, til að innrétta húsnæði sem hafði lent í bruna. Viðdvölin átti að verða stutt, eða þrjár vikur, en atburðarásin varð með þeim hætti að Eiríkur er hér enn. Hann kynntist Kristjáni Jónassyni, sem stóð þá að byggingu radhúsa í Miðtúni á Ísafirði, og hóf störf hjá honum sem smiður. Þá hófust kynni þeirra Eiríks og Einars Vals, en Einar var þá

til 1980 og segir Eiríkur að það hafi alltaf gengið vel að selja. Þeir voru með um 6-8 manns í vinnu og hafa sumir starfsmannanna verið hjá þeim frá þessum tíma. Menn byrjuðu sem handlangarar og fóru svo að læra en Eiríkur segir að þeir hafi útskrifað a.m.k. tíu sveina á þessum 20 árum. Eiríkur segir að það hafi verið þessi fyrstu verkefni sem skotið hafi rótum undir fyrirtækið en í framhaldi af blokkaríbúðunum fór að verða meira um útboð. Þeir stóðu að byggingu verkamannabústaða við Stórholt 15-17 og einnig við Árvelli 2-4 í Hnífsdal, Fjarðarstræti 55 og Múlaland 12 og 14 á Ísafirði.

### Ísafjarðarkirkja er stærsta verkið

„Á þessum tíma vorum við eingöngu með verkstæðis-aðstöðu í þeim húsum sem við vorum að byggja og það er



Eiríkur Kristófersson og Einar Valur Kristjánsson, eigendur Eiríks og Einars Vals hf., ásamt starfsmönnum sínum fyrir framan húsnæði fyrirtækisins á Skeiði á Ísafirði.

# Samstarfi okkar Einars má líkja við gott hjónaband

– segir Eiríkur Kristófersson, í viðtali af tilefni 20 ára afmælis Eiríks og Einars Vals hf.

lærlingur hjá Kristjáni föður sínum. Á þessum tíma var bygging blokkaríbúða nánast óþekkt á Ísafirði og segist Eiríkur hafa séð þar ákveðna möguleika. Þeir Eiríkur og Einar Valur sóttu því um lóð í Stórholti og hófu framkvæmdir við byggingu fyrstu blokkarinnar í Firðinum.

### Seldum alla blokkina á viku

„Fyrstu árin byggðum við eina blokk á ári í Stórholtinu. Við byrjuðum á Stórholti ellefu og tókum síðan Stórholt þrettán og nú. Þetta voru aðal verkefni fyrstu tvö eða þrjú starfsárin en síðan þróaðist þetta út í að við fórum að taka að okkur ýmis verkefni. Það var mikill áhugi á blokkaríbúðum á frjálsum markaði á þessum tíma en fram að þessu höfðu blokkaríbúðir verið eingöngu félagslegar. Ég man að þegar við vorum komnir með teikningar að fyrstu blokkinni, þá settum við auglýsingar í blöðin og viðbrögðin voru það góð að við seldum blokkina á einni viku, án þess að hafa hafið framkvæmdir. Ég er hræddur um að þetta væri ekki hægt í dag, að fólk keypti af manni teikningar eingöngu. Við vorum nú líka bara strákguttar sem vorum að byrja - ekki það að værum með eitthvað traust fyrirtæki,“ segir Eiríkur.

Fyrirtækið byggði síðan að meðaltali eina blokk á ári fram

ekki fyrir en við gerðumst verktakar við stjórnsýsluhúsið að við byggðum verkstæði á Skeiði. Stjórnsýsluhúsið er með stærstu einstöku verkum sem við höfum unnið en það var upp á um 100 milljónir á þeim tíma. Við sáum um að klæða bygginguna og ljúka frágangi við það að utan, en til þess að geta sinnt þessu, þá urðum við hafa aðgang að verkstæði, svo við drifum í að koma því upp. Með tilkomu verkstæðisins hafa opnast fleiri möguleikar í þjónustu við einstaklinga og fyrirtæki, en við erum með umboð fyrir vörur frá Húsasmíðjunni og seljum m.a. gólfefni, timbur og plötuefni af ýmsu tagi.“

Stærsta verkefni Eiríks og Einars Vals hf., eru framkvæmdir við Ísafjarðarkirkju, en fyrirtækið hefur séð um þá framkvæmd frá grunni og hefur núna síðast unnið að frágangi við safnaðarheimilið. Fyrirtækið hefur staðið að öðrum stórum verkum og er í rauninni kannski einfaldara að telja upp verk sem það hefur ekki komið nálægt. Nokkur stór verk eru m.a. Niðursuðuverksmiðjan, Bræðratunga, Urðarvegur 78 og 80, Hlíf II sem fyrirtækið bæði steypti og innréttaði, það innréttaði legudeildin á Fjórðungssjúkrahúsinu, byggði verkmenntahús Framhaldsskóla Vestfjarða frá grunni, vann við hafnarkant og þekju á Suðurtanga, ferjubryggjurnar á Arngerðareyri og Ísafirði og fleira. Núna er fyrirtækið eitt

fjögurra aðila sem hafa gert tillögur að nýjum leikskóla sem byggður verður á Torfnesi og segir Eiríkur að það skýrist um næstu mánaðarmót hverjir verði fyrir valinu.

### Við höfum varla farið út fyrir bæjarmörkin

- En einskorðast starfsemin við Ísafjörð eingöngu?

„Já, það er nú svo merkilegt að það er varla hægt að segja að við höfum farið út fyrir bæjarmörkin að undanskyldri vinnu við innréttingu á hinu nýja frystihúsi Bakka hf. í Bolungarvík. Við höfum t.d. ekki komið að þeim miklu framkvæmdum sem átt hafa sér

stað bæði í Súðavík og á Flateyri. Við höfum einfaldlega haft nóg fyrir stafni hér.“

- Hvað með tæknina við húsasmíði. Hefur hún ekkert breyst á þessum árum?

„Hún hefur breyst ótrúlega lítið. Aðal breytingin er fólgin í aðferðinni við uppsláttinn. Þegar við vorum að byrja þá var allt pússlað saman með hefluðum mótavið, 1"x6", og við handlönguðum allt upp því við vorum aldrei með byggingarkrana. Það var svo þegar við höfum framkvæmdir við Hlíf II, að við fórum að nota svokölluð flekamót ásamt krana. Þá sáum við í rauninni hvað við vorum búnir að eyða miklu púðri í handlöngunina áður. Þetta voru hlutir sem voru

búnir að vera í gangi á Reykjavíkursvæðinu í 10 ár og það má segja að þetta hafi verið stærsta stökkið hjá okkur í því sem við höfum sérhæft okkur í, þ.e.a.s. uppsteypu húsa.“

- Er alltaf nóg um verkefni? Hafa ekki bæst við samkeppnisaðilar með árunum?

„Þeir hafa verið að koma og fara. Það hefur verið algengt að fyrirtæki fari á hausinn en við höfum oft þurft að standa í samkeppn og þar á meðal við aðila sem okkur hefur oft fundist óraunhæft að keppa við. Þessir aðilar eru kannski að bjóða mjög lágt í verk vegna þess að þeir eru í rauninni farnir á hausinn og hugga sem svo, að eitt verk í viðbót skipti ekki máli. Allflestir þessara utan-

bæjaraðila, sem hafa boðið í verk hér, hafa staðið sig illa og jafnvel farið og skilið eftir sig skuldahala en sveitarfélagið og undirverktakar hafa tapað fjármunum í kjölfarið.“

### Tókum á okkur allt að 30% verðbólgu

- Nú eru flest verk boðin út. Saknið þið ekki spennurnar frá því í gamla daga, þegar þið voruð að byggja upp á von og óvon?

„Spennan var kannski mest þarna á þriðja og fjórða starfsárinu, þegar verðbólgan var upp á sitt besta. Ég man eftir að einu sinni vorum við að reikna út verð og settum inn í samninga hjá fólki að við tækjum á okkur allt að 30% verðbólgu. Það var auðvitað kapphlaup að ljúka framkvæmdum sem fyrst en verðbólgan fór eitt árið upp í 55-60%. Þetta var auðvitað tómt rugl og merkilegt að við skyldum hafa lifað þetta af.“

- Þið eruð samt með hugmyndir í dag um eigið framtak? „Jú, við erum í samningum við Básafell hf. um að taka húsnæði að Sundstræti 34 og gera það að íbúðum. Það er áætlað að þarna verði tíu tveggja til fjögurra herbergja íbúðir, og núna er bara að bíða og sjá hver viðbrögðin verða. Það hefur verið talað töluvert um að það vanti íbúðir á Eyri og það má kannski segja að þetta séu ákveðin viðbrögð við því.“



Starfsmenn fyrirtækisins sem unnu að byggingu Ísafjarðarkirkju.

## Hættum frekar verk- efnalausir en að fara á hausinn

- Hver er svo grunnurinn að farsæld fyrirtækisins Eiríkur? „Það er kannski hugtakið sem við Einar höfum notað og alltaf haft sem grunnforsendur - að bjóða það sem við treystum okkur til að vinna verkið fyrir og hætta frekar verkefnalausir en að fara á hausinn. Sem sagt, að vera ekki að pressa okkur niður í þessum tilbodsvernum. Það er oft grátlegt að keppa við aðila, vitandi að þeir séu á brauðfótum. Manni finnst að opinberir aðilar, sem eru að bjóða út verk, ættu að grípa inni og útloka þessa aðila, vegna þess að þeir skulda oft opinber gjöld og virðast fá að komast upp með það ótrúlega lengi.“

- En ertu bjartsýnn á fram-  
tíðina í byggingariðnaðinum  
hér vestra?

„Ég er nú einn af þeim sem er ekkert svartsýnn og þá kannski sérstaklega gagnvart Ísafirði. Ég byggi vonir mínar að töluverðu leyti á þessum stóru fyrirtækjum sem hér eru og á von á að þau eigi eftir að vaxa og styrkjast á komandi árum. Básafell og Bakki eru til dæmis fyrirtæki sem ég held að við getum sett traust okkar á, ásamt rótgrónum fyrirtækjum eins og Hraðfrystihúsinu í Hnífsdal.“

- Hver finnst þér að stefna  
opinberra aðila eigi að vera í  
útboðsmálum?


„Mér finnst að hver verði að hugsa um sig í þessu og þeir eigi að bjóða meira út hérna á heimamarkaðnum. Samkeppni þeirra aðila sem eru starfandi hér á svæðinu er mikil og það hefur sýnt sig undanfarin ár að

hún er það mikil, að það er óþarfi að leita út fyrir svæðið.“

Eiríkur segir að þeir félagar hafi ávallt haft það að markmiði að sníða sér stakk eftir vexti og reynt að takmarka fjárfestingar vegna starfseminnar eins og kostur hafi verið. Hann nefnir dæmi um að menn hafi sumir byrjað á að fjárfesta í húsnæði og síðan fyllt það af vélum og tækjum. Þeir hafi síðan ekki getað staðið undir öllu saman og reksturinn farið á hausinn.

- En hvað er Eiríki efst í  
huga á þessum tímamótum?

„Þetta hefur auðvitað ekkert verið annað en vinna, en samt má segja að þetta hafi verið farsælt samstarf hjá okkur Einari. Svona fyrirtæki gengur ekki nema stöðirnar séu tryggjar. Við höfum verið mjög heppnir með starfsmenn sem hafa verið traustir og góðir, en þeir hafa sumir hverjir starfað



Sem og byggingu fjölmargra fjölbýlishúsa, meðal annars við Stórholt á Ísafirði.

hjá okkur í mjög mörg ár og einn í 16 ár, Sveinn Ingi Guðbjörnsson. Einnig má nefna trausta samstarfsaðila,

svokallaða undirverktaka, og ráðgjafa okkar Gunnar St. Ólafsson, en þessir aðilar hafa staðið sig vel og ber að þakka

fyrir það. Samstarfi okkar Einars má kannski helst líkja við gott hjónaband en okkur hefur aldrei orðið sundurorða,“ sagði Eiríkur að lokum.



Eiríkur og Einar Valur sáu einnig um klæðningu og frágang Stjórnsýsluhússins á Ísafirði.



**Ljúffengar**  
pizzur, skyndibitar  
og steikur  
Munið heimsend-  
ingarpjónustuna

**Síminn er 456 5267**

# Atvinna, stjórnsmál og umrót tímans

Það væri að bera í bakka-  
fullan lækinn að tíunda þær  
breytingar sem átt hafa sér  
stað í þjóðfélaginu á síðustu  
árum. Hvaða skoðun sem við  
kunnum að hafa á þeim  
breytingum er ljóst að ekki  
er aftur snúið til fyrri tíma og  
við eigum ekki annan kost  
en að aðlagast breyttum  
aðstæðum. Enn höfum við  
þó einungis séð toppin á  
ísjakanum ef svo má segja,  
því breytingar á umgjörð  
þjóðfélagsins eiga eftir að  
verða hraðari og hraðari. Í  
breytingum felast bæði ógnir  
og tækifæri og ekki er sjálf-  
gefið að það séu þeir stóru  
eða sterku sem verða ofan á í  
þeirri uppstokkun sem nú á  
sér stað. Þeir sem koma best  
út úr umróti þjóðfélagsbreyt-  
inga eru þeir sem hafa innsæi  
til að sjá fyrir hvert þjóðfél-  
agið er að þróast og skynja  
að breytingum fylgja ekki  
bara ógnir heldur einnig  
tækifæri. Í þeim efnum eiga  
Vestfirðingar ekki síður  
möguleika en aðrir.

## Stjórnsmál í breyttum heimi

### Fyrir tilstilli al- þingismanna fara hjól atvinnulífsins nú vonandi aftur að snúast á Þingeyri

Stjórnsmálsmenn fara ekki  
varhluta af breytingum frekar  
en aðrir. Fáum blandast hugur  
um að áhrifasvið stjórnsmála-  
manna hefur stórlega minnkað  
frá því sem var fyrir örfáum  
árum. Breyttar áherslur í störf-  
um stjórnsmálsmanna eiga lítið  
skylt við þá einstaklinga sem  
þessum störfum gegna eins og  
sumir vilja halda fram. Sami  
einstaklingur á stóli forsætis-  
ráðherra hefur t.d. langt í frá  
sömu völd og ítök í þjóðfél-  
aginu og hann hafði sem nýliði  
í embætti fyrir sex árum síðan.  
Það sem gerst hefur er, að  
fjölmiðlar og fólkid í landinu  
hafa ákveðið nýjar leikreglur  
og stjórnsmálsmönnum líðst  
ekki lengur að gera margt af  
því sem talið var fullkomlega  
eðlilegt fyrir örfáum árum. Ég  
fullyrði að sá stjórnsmálmaður

er vandfundinn sem ekki skyn-  
jar breytinguna þó hún sé feimn-  
ismál hjá mörgum sem vilja  
ríghalda í það liðna.

### Stjórnsmálsmenn og atvinna

Fyrir tilstilli alþingismanna  
fara hjól atvinnulífsins nú  
vonandi aftur að snúast á  
Þingeyri eftir hörmulega langt  
stopp. Stjórnvöld hafa fallist á  
að beita sértækum aðgerðum  
til að skapa grundvöll til að  
unnt sé að hefja aftur fisk-  
vinnslu í frystihúsinu. Í byrjun  
janúar s.l. voru þingmenn og  
sveitarstjórnarmenn á fjöl-  
mennum fundi á Þingeyri þar  
sem ræddur var sá vandi sem  
steðjar að í atvinnuáttum  
Þingeyringa. Af hálfu allra  
þingmanna kjördæmisins var  
lögð á það áhersla að þing-  
menn, sama hvað þeir eru dug-  
legir, hafa mjög takmarkaða  
möguleika til að hafa áhrif á  
hvernig einstökum fyrirtækjum  
reiðir af. Þjóðfélagið er einfald-  
lega þannig í dag hvort sem  
mönnum líkar betur eða verr  
að stjórnsmálsmenn hafa minni  
möguleika en áður til að beita

## Þingmaðurinn skrifar

sértækum aðgerðum þó slíkt  
sé nú verið að gera að vissu  
marki á Þingeyri. Það sem  
þingmenn geta gert fyrir um-  
bjóðendur sína er að standa  
vörð um að þjóðfélagið mis-  
muni ekki þegnunum og að allir  
fái notið sömu tækifæra. Hlut-  
verk þingmanna er einnig að  
leiðbeina einstaklingum og  
fyrirtækjum að fóta sig í myrk-  
um frumskógi laga, reglugerða  
og skrifinnnsku. Þingmenn  
hafa ekki lengur aðstöðu til að  
koma með störf og þjóðfélagið  
veit að atvinna verður fyrst og  
fremst til fyrir atorku og  
útsjónarsemi einstaklinga og  
fyrirtækja. Þingmenn eiga hins  
vegar þátt í að skapa atvinnu-  
lífinu starfsaðstæður og því  
miður eru núverandi aðstæður  
ekki hagstæðar vestfirsku  
atvinnulífi, þar er því verk að  
vinna.

### Og Clinton líka

Það er ekki einungis á Íslandi  
sem völd og áhrif stjórnsmála-  
manna hafa minnkað. Heimur-

inn verður sífellt minni og  
svipaðar þjóðfélagshræringar  
eiga sér stað í flestum vestræn-  
um ríkjum. Þegar Clinton var  
settur í embætti sem forseti  
Bandaríkjanna í annað sinn  
sagði hann m.a. að hann gæti  
ekki leyst vandamál bandarísku  
þjóðarinnar en hins vegar gæti  
hann reynt að skapa þær að-  
stæður að fólk gæti sjálft leyst  
þau vandamál sem að steðja.  
Þessi orð hins bandaríska  
forseta lýsa vel stöðu og  
hlutverki stjórnsmálsmanna á  
Vesturlöndum í dag. Okkur  
sem í stjórnsmálum starfa þykir  
mörgum hverjum erfitt að setta  
okkur við breyttar aðstæður og  
minnkandi völd en það er nú  
einu sinni þjóðin sjálf sem  
hefur ákveðið að hafa þetta  
svona og við þann dómara  
verður ekki deilt. Þó þingmenn  
Vestfjarða geti ekki einir frekar  
en aðrir stjórnsmálsmenn leyst  
atvinnuvanda einstakra byggð-  
arlagar með einu pennastriki  
hljóta þeir að einbeita sér að  
því að vinna því máli skilning  
meðal þjóðarinnar að það er



Gunnlaugur M. Sigmundsson

sanngirnismál að íbúar og  
atvinnulíf í dreifbýli fái búið  
við sömu skilyrði til sjálfs-  
bjargar og aðrir landsmenn.  
Sú vinna verður löng og  
ströng því víðsýni og um-  
burðarlyndi hefur ekki vaxið  
í þjóðfélaginu í takt við aðrar  
breytingar. Fyrirtæki á Vest-  
firðum sem og á öðrum  
stöðum landsins verða hins  
vegar að vera rekin á ábyrgð  
þeirra sem til þeirra verka  
eru ráðnir. Ábyrgð á því sem  
miður fer í einstökum fyrir-  
tækjum verður ekki með  
sanngirni velt yfir á þing-  
menn.

Gunnlaugur M.  
Sigmundsson



# „Fyrir tilraun til brots gegn lögum um ávana- og fíkniefni“

Héraðsdómur Vestfjarða hefur sýknað 34 ára gamlan karlmann „fyrir tilraun til brots gegn lögum um ávana- og fíkniefni, með því að hafa í byrjun desember 1995, fallist á í símtali við ónafngreindann kunningja sinn í Reykjavík, að móttaka á heimili sínu óákveðið magn af hassi og koma því í hendur annars ónafngreinds manns, en hljóta sjálfur 10-15% af heildarmagni efnisins.“

Málavextir eru þeir að lögreglunni á Ísafirði barst ábending frá ónafngreindum aðila um að ákærði myndi fá send fíkniefni frá Reykjavík og var talið líklegt að þau yrðu send með flutningabifreið að heimili ákærða sem er á bæ í Ísafjarðardjúpi. Lögreglan hafði samband við þau fyrirtæki sem standa að landflutningum milli Reykjavíkur og Ísafjarðar og fékk þær upplýsingar, að pakki stílaður á ákærða, hefði borist afgreiðslu Vöruflutningamiðstöðvarinnar hf., í Reykjavík

og væri farinn vestur í flutningabifreið á vegum Vöruflutninga Ármanns Leifssonar. Reyndi lögreglan að hafa samband við ökumann bifreiðarinnar og náðist í hann á Ísafirði. Kannaðist hann við að hafa verið með pakka í bifreiðinni, sem stílaður var á ákærða, en pakkann hefði hann gleymt að skilja eftir við heimili ákærða. Lögreglan á Ísafirði lagði hald á pakkann og hélt að heimili ákærða, sem er í u.þ.b. 120 km fjarlægð frá Ísafirði. Er þangað kom var ákærði beðinn að koma til viðtals í lögreglubifreiðinni, þar sem pakkinn var geymdur. Þar var ákærða kynnt að grunur léki á að hann væri að fá send fíkniefni og að hann væri handtekinn í þágu rannsóknar þess máls. Segir í skýrslunni, að ákærði hafi samþykkt að opna pakkann í lögreglubifreiðinni og hafi þá komið í ljós myndbandshylki, sem hafði að geyma nokkrar brúnar plötur af ætluðu hassi.

Ákærði var síðan fluttur til yfirheyrslu á lögreglustöðina á Ísafirði. Er þangað kom var efnið vigtað og prófað með O.D.V. fíkniefnaprófi og gaf það jákvæða svörun við kannabisprófi. Heildarþyngd efnisins reyndist vera 50,5 grömm.

Við yfirheyrslur hjá lögreglu sagðist ákærði engar peningarsendingar í tengslum við fíkniefnin hafi farið fram með aðstoð ákærða. Hann hefði einungis átt að taka við efnunum og koma þeim til kaupandans. Ákærði sagðist einnig við yfirheyrslu, hafa átt og ætlað að taka 10-15% af efnismagninu, hvert svo sem það yrði, það hefði ákærði ætlað til eigin neyslu. Við þingfestingu málsins neitaði ákærði alfarið sakargiftum. Jafnframt dró hann framburð sinn hjá lögreglu til baka og kvað sér við þá yfirheyrslu ekki hafa verið stætt á öðru en gefa lögreglunni þá skýrslu, sem hún vildi heyra. Ákærði kvaðst greint sinn hafa

verið að leysa föður sinn af á búi hans og hafi því verið tímabundinn. Þó hafi hann við greinda yfirheyrslu hjá lögreglu lýst yfir sakleysi sínu í fyrstu. Hlynur Snorrason, rannsóknarlögreglumaður hafi ekki viljað hlýða á slíkt og hafi sagt að hann yrði að jata á sig hlutdeild í ætluðu broti, en ellegar sitja inni í sólarhring og fá sér lögmann. Ákærði kom fyrir dóm að nýju við aðalmeðferð málsins og hélt þá fast við fyrri dómsframburð.

Vitnið Hlynur Snorrason lögreglufulltrúi, sagði fyrir dómi, aðspurður um viðbrögð ákærða við því að opna pakkann í lögreglubifreiðinni, að sig minnti að ákærði hefði verið óttasleginn. Vitnið hafi í framhaldi af því spurt ákærða hvort hann ætti innihald pakkans og minnti vitnið að ákærði hafi hvorki svarað því játandi né neitandi. Vitnið kvað ákærða hafa verið fremur tregan til að skýra frá atvikum máls í

upphafi yfirheyrslunnar á Ísafirði „og vildi hann ekki kannast við að hafa átt von á þessum pakka, en síðan var það þannig að þegar ég útskýrði fyrir honum alla málavöxtu, að þá kom hann með þennan framburð, sem þarna er í skýrslunni og þessi framburður virkaði á mig sem mjög hrein-skilinn og trúverðugur.“ eins og vitnið komst að orði. Nánar aðspurt út í framburð ákærða fyrir þann tíma kvað vitnið ákærða „hafa virkað þannig, að hann vildi ekki svara almenninglega þessum spurningum, sem fyrir hann var lagt“ og hafi fyrsti framburður ákærða ekki verið sannfærandi „og ekki til þess að bóka“.

Aðspurt um ástæðu þess að fyrsti framburður ákærða hafi ekki verið færður til bókar kvaðst vitnið hafa haft í huga 9. tölulið 1. málsgreinar 74. gr. almennra hegningarlaga, en í ljósi þess lagaákvæðis hafi vitnið viljað að ákærði nyti þess

að hafa viðurkennt brot sitt hreinskilningslega og af sjálfdáðun. Í niðurstöðu dómsins segir að þegar litnið er til greinds framburðar Hlyns Snorrasonar og Jóns Svanbergs Hjartarsonar, lögreglumanns, sem styður fullyrðingu ákærða fyrir dómi þess efnis, að hann hafi við lögreglurannsókn málsins ekki fengið bókað að hann neitaði sakargiftum, telur dómurinn umrædda framburðarskýrslu ákærða hjá lögreglu ekkert sönnunargildi hafa í málinu. Gegn eindreginni neitun ákærða fyrir dómi, sem ekki hefur verið hnekkst með framburði vitna eða öðrum sönnunargögnum, er lögfull sönnun ekki fram komin um sekt ákærða. Ber því að sýkna hann af þeirri háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru. Gerð voru upptæk til ríkissjóðs þau 50,5 grömm af hassi, sem lögregla lagði hald á. Jónas Jóhannsson, héraðsdómari kvað upp dóminn.

## Ljósmyndasamkeppni fréttaritara Morgunblaðsins

# Haldór átti bestu myndina

Okkar menn, félag fréttaritara Morgunblaðsins, efndi til samkeppni meðal félagsmanna sinna á bestu myndum þeirra frá árunum 1995 og 1996 og

voru verðlaun og viðurkenningar fyrir bestu myndirnar afhentar við sérstaka athöfn sem haldin var í tengslum við aðalfund fréttaritaranna í

Morgunblaðshúsinu á laugar-dag.

Haldór Sveinbjörnsson, ljósmyndari BB fékk verðlaun fyrir bestu mynd samkeppninnar auk þess sem hann fékk tvenn fyrstu verðlaun og tvær viðurkenningar. Mynd sú sem valin var besta mynd samkeppninnar, fékk einnig fyrstu verðlaun í flokknum „fréttir“ en í þeim flokki fékk Haldór einnig viðurkenningu fyrir mynd sína „Minningarathöfn“. Þá fékk Haldór fyrstu verðlaun í flokknum „Atvinnulíf“ fyrir mynd sína „Við mjaltir“ og viðurkenningu í flokknum „Íþróttir“ fyrir mynd sína „Barist um boltann“.

Myndirnar hafa verið hengd-



Haldór Sveinbjörnsson.

ar upp í anddyri Morgunblaðshússins og eru þar til sýnis á afgreiðslutíma blaðsins til 22. þessa mánaðar. Síðan er ætlinun að setja sýninguna upp á nokkrum stöðum á landsbyggðinni á vegum Morgunblaðsins og fréttaritaranna.



**Orkubú Vestfjarða**  
Stakkanesi 1 • Ísafirði • Sími 456 3211

## Rafvirkjar

Orkubú Vestfjarða hyggst ráða rafvirkja til starfa í verkstæðisflokkum Orkubúsins. Aðsetur verkstæðisins er í stöðvum á öllu orkuveituvæði Orkubúsins.

Æskilegt er, að umsækjandi hafi áður unnið við rafveitukerfi og þarf að vera búsettur í Bolungarvík eða næsta nágrenni.

Með umsókn um starfið skulu fylgja upplýsingar um nám, starfsreynslu, persónulega hagi og þ.h.

Umsóknir merktar „rafvirki“, sendist Orkubú Vestfjarða, Stakkanesi 1, 400 Ísafirði og skulu hafa borist, eða verið póstagðar í ábyrgðarbréfi 20. maí nk. eða fyrr.

Upplýsingar um starfið eru veittar í sínum 456 3211 og 456 7349.

**Á Eyvinni**  
Veitingastaður Kaffihús  
Mánagata 1 - Sími 456 4306 Fisherhúsi anno 1884

**Kaffihlaðborð  
Uppstigningardag  
og á sunnudag**

## Fermingar

### Leiðrétting

Í síðasta tölublaði var greint frá nöfnum fermingarbarna á norðanverðum Vestfjörðum sem og hvenær þau myndu ganga í fullorðinna manna tölu. Tvær villur munu hafa slæðst inn í upptalninguna og leiðrétast þær hér með.

Í fyrsta lagi fer ferming á Þingeyri fram kl. 11:00 þann 18. maí nk., en ekki kl. 14:00 eins og stóð í greininni. Í öðru lagi var rangt farið með föðurnafni eins fermingarbarnsins á Suðureyri. Stúlkan sú heitir Fanney Margrét Bjarnardóttir en ekki Bjarnadóttir eins og stendur í greinni. Fanney býr að Birkihlíð í Súgandafirði og fermist 18. maí kl. 14:00.

Hlutaðeigandi eru beðnir velvirðingar á þessum mistökum.



**ÍSAFJARÐARBÆR**

## GARÐYRKJUDEILD ÍSAFJARÐARBÆJAR ÓSKAR EFTIR EFTIRTÖLDU STARFSFÓLKI

3 flokksstjórum þurfa að vera orðnir 20 ára, og hafa reynslu í stjórnun og einhverja þekkingu á garðyrkju. 8 starfsmenn til að vinna í skrudgördum og opnum svæðum á Ísafirði. 12 starfsmenn við slátt í öllum bæjarkjörnum.

Tekið á móti skriflegum umsóknum á bæjarskrifstofu frá kl. 10:00 til kl. 15:00 og hjá garðyrkjustjóra í áhaldahúsi við Stakkanes frá kl. 10:00 til kl. 12:00 eftir hádegi.

Garðyrkjudeild.





## Sakamál aldarinnar endurvakin

Mánudaginn 28. apríl og þriðjudaginn 29. apríl síðast liðinn voru sýndir tveir athyglisverðir þættir um hin svokölluðu Guðmundar- og Geirfinnsmál, sem skóku íslenskt þjóðlíf á árunum 1975 og 1976 og entust til þess að Hæstiréttur kvað upp dóm sinn á árinu 1980. En þar með lauk málinu formlega.

Hæstiréttur sakfelldi fjögur ungmenni fyrir manndráp og aðild að þeim. Engin lík fundust og játningar voru hvikular. Fjórum mönnum var haldið í gæsluvarðhaldi saklausum í þrjá til þrjá og hálfan mánuð á grundvelli framburðar ungmennanna. Þeir menn unnu síðar skaðabótamál á hendur íslenska ríkinu fyrir gæsluvarðhald að ósekju.

Þjóðinni létti eins og marg sinnis kom fram í þættinum. Málið var pólitískt og á þeim tíma blönduðust í það meðal annarra tveir menn, sem síðar urðu ráðherrar, þeir Sighvatur Björgvinsson og Þorsteinn Pálsson. Sá fyrri sat á alþingi á þessum tíma og sá síðari, sem nú er dómsmálaráðherra var ritsjóri síðdegisblaðsins Vísis, sem síðar sameinaðist keppinautnum Dagblaðinu í DV, sem allir þekkja nú.

Sighvatur sást á alþingi gagnrýna Ólaf heitinn Jóhannesson dómsmálaráðherra, sem reiddist og kallaði Vísismenn mafu og varð að greiða fyrir skaðabætur þegar fram í sótti.

Það er erfitt fyrir þá, sem ekki lifðu þessa tíma og múgæsinguna í íslensku þjóðfélagi, að ímynda sér hvað á gekk. Svo margt hefur breyst síðan, ekki síst breytt réttarfarir sem byggir á því að dómstólar séu algerlega óháðir og hafi ekki afskipti af lögreglu eða lögreglurannsókn-um. Jafnframt geta sakadír menn borið ýmsar aðgerðir lögreglu undir dómstóla, Auk þess er það svo, að réttur sakaðs manns til réttargæslumanns eða verjanda er mjög ríkur orðinn, sem betur fer.

### Kjarni málsins

En um hvað snerist þátturinn? Upplýsti hann um sekt eða sakleysi? Nei. Hann snerist um að velta upp ýmsu, sem greinilega mátti mun betur fara, en þarna kom fram. Vonandi heyrir það sögunni til að fangar séu beittir harðræði til þess að fram fáiast játning. Reyndar verður því ekki trúð. Ef ekki fæst niðurstaða sem menn telja viðunandi á Íslandi, það er þegar sakborningur eða dómþoli telur dóm Hæstaréttar vafasaman, þá er leitað til Strasbourg til mannréttindaneftdar eða Mannréttindadómstóls.

Aðhaldið er bersýnilega orðið miklu meira nú en fyrir tveimur áratugum.

Gísli Guðmundsson fyrrverandi yfirlögregluþjónn komst að kjarna málsins þegar hann sagði, að þetta væri mál til að læra af. En hvað er gert til að kenna lögreglumönnum og stjórnendum lögreglu að þeim beri að virða mannréttindi, ákveðin mörk í samskiptum sínum við sakaða menn? Vissulega er það svo, að stundum sýnist almenningi að sakaðir menn eigi allan rétt en óbreyttur borgarinn, sem verður fyrir barðinu á honum engan.

En er ekki skárra að nokkrir sökudólgar sleppi heldur en að saklausir séu rændir æru og frelsi? Af tvennu illu er það þó skömminni skárra. Engum ætti að vera betur ljóst en lögreglunni að starf hennar er erfitt. Hún verður að fara að settum reglum, en glæponinn getur leyft sér að brjóta þær allar, því miður.

Veidigleði lögreglunnar og þrá eftir að leysa mál má aldrei verða lögum og skynsemi yfirsterkari. Ef ekki er hægt að treysta lögreglunni til að viðhafa vönduð vinnubrögð, hverjum er þá hægt að treysta?

### Skiljanleg niðurstaða verður að fást

Kannski kristallast umræðan um endurupptöku Guðmundar- og Geirfinnsmála í þessu eina atriði, að vekja traust á réttarríkið geti og vilji einnig leiðrétta mistök, sem orðið hafa, þegar menn vita betur. Hæstiréttur á vissulega erfitt verk fyrir höndum. En við, almenningur á Íslandi, treystum honum og þeim ágætu mönnum sem þar sitja í dómi til að vinna eftir lögum og gera það sem er rétt þótt sársaukafullt kunni að reynast. Þar með er ekki lagt neitt mat á það hér hvort taka skuli málið upp á nýjan leik. Einungis er treyst og vonað að Hæstiréttur taki ákvörðun, sem byggist á lögum og réttu mati, þar með verði hún vel rökstudd á hvorn veginn sem hún verður. Síðast en ekki síst verði hún almenningi skiljanleg.

Stakkur



## Munið happdagana

Ný spóla á kr. 299,- alla miðvikudaga og gömul á kr. 99,-

## Fjölskyldutilboð

Frí teiknimynd fylgir fyrir fjölskylduna  
Verslið þar sem úrvalið er  
...Gaui, einfaldlega bestur

Vídeó  
Möllin  
- við Norðurveg  
456 4853

## TOPP 10 MYNDBÖND HJÁ VÍDEÓHÖLLINI

1. Chain Reaction
2. Black Sheep
3. Tin Cup
4. Phenomenon
5. Nutty Professor
6. The Fan
7. Escape from LA
8. A Time to Kill
9. Sabotage
10. Twister

## http: góðar NETINU

<http://www.chess.ibm.com>

Hún heitir Dimmblá, fullkonnasta skáktölva í heimi en það er ekki þar með sagt að hún geti unnið hvern sem er. Fylgstu með viðureign hennar og Kasparov

<http://whyfiles.news.wisc.edu/index.html>

Það er næstum því sama hver spurningin er þú getur fengið svar við henni hér.

<http://www.hollywood.com>

Á Hollywood Online getur þú fylgst með því sem er að gerast í Hollywood þesssa dagana

## SPÓLAN TÆKINU



### The Associate

The Associate er létt og skemmtileg gamanmynd með Woopi Goldberg í aðalhlutverki, en hún er ekki sát við hvernig henni er tekið í fjármálaheiminum, þannig að hún dulbýr sig sem karlmann til að ná sínu fram.



**Horfur á fimmtudag:** Norðan- og norðaustanátt, stinningskaldi eða allhvasst og el um austanvert landið, en kald eða stinningskaldi og skýjað með köflum um landið vestanvert. Hiti 0 til 6 stig.

**Horfur á föstudag:** Norðanaustan gola eða kaldi. Dálítil el norðaustanlands, en þurr og víða léttskýjað sunnan- og vestanlands. Hiti 0 til 8 stig.

**Á laugardag, sunnudag og mánudag:** Norðaustlæg átt. Skúrir austanlands, en víðast þurr annars staðar. Hiti 2 til 10 stig, hlýjast suðvestanlands.

**Kettlingar fast gefins!** Upplýsingar í síma 456 4088 á morgnana og á kvöldin, Adda.

Til sölu **Nissan Patrol** árgerð 1991, diesel, ekinn 135 þúsund km. verð 2,2 milljónir. Upplýsingar í síma 456 8353

**Lækkað verð** - nú er tækifærið! Til sölu einbýlishús ásamt bílskúr að Tagagötu 24, Ísafirði. Sjón er sögu ríkari. Verð kr. 10,4 milljónir. Upplýsingar í síma 456 3763

Til sölu 72 bassa **harmónikka**. Upplýsingar í síma 456 7018

Til sölu **tölva** með 32mb minni, 1,3mb disk, 15" skjá, netkort, útvarpskort, Office 97, Corel Draw 6.0 og 8x geisladrifi. Upplýsingar í síma 456 3617, eftir kl. 13:00.

Til leigu **einbýlishús** að Hlíðarstræti 7, Bolungarvík. Upplýsingar í síma 461 3635, Stefán.

Til sölu **Sega Megadrive** með 6 leikjum á kr. 8000,-. Einnig Motorola með föstu númeri á kr. 9000,-. Upplýsingar í síma 456 4226, Kjartan.

Óska eftir **borðstofuborði eða stólum** gefins eða fyrir lítinn pening. Upplýsingar í

síma 456 5117, milli kl. 19 og 20.

**Til sölu eða leigu** 3ja-5 herbergja íbúð að Fjarðarstræti 13, Ísafirði. Ásett verð 5,9 milljónir. Laus 1. júní. Upplýsingar í síma 456 5120

Til sölu tveir **barnabílstolar** fyrir níu mánaða til fimm ára. Selst á kr. 4000 hvor. Upplýsingar í síma 456 7827

um. Upplýsingar í síma 456 7285

Til sölu **Lada 1200**, árgerð '91. Verð kr. 120 þúsund. Upplýsingar í síma 456 7285

**Hæ!** Ég er 6 mánaða og mig vantar ferðarúm gefins eða fyrir lítinn pening. Ef þú átt eitt í geymslu sem þú vilt losna við, þá hringdu í mömmu (Ása) í síma 456 5098 eða vs. 456 3745.

## KAUP & SALA ÓKEYPIS SMÁUGLÝSINGAR

**Til sölu:** borðstofuborð með 6 stólum, borðstofuskápur, hræri vél og lítill frystikista. Upplýsingar í síma 456 3368

Til sölu **Nissan Sunny**, árgerð '93, ekinn 67 þúsund km., skipti á ódýrari koma til greina. Upplýsingar í síma 456 4455

**Karitasfélag handverksfólks!** Fundur í Húsmædraskólanum þriðjudaginn 13. maí kl. 20:30. Mætum öll!

Óska eftir **barnarúmunum** fyrir 3ja ára. Lengd 140-150 cm, helst með rúmfatageymslu. Upplýsingar í síma 456 7117

**Bolungarvík!** Til leigu 3ja herbergja íbúð með húsgögn-

Á sama stað er til sölu ungbarnabílstóll frá Toyota, lítið notaður.

Til sölu **Nissan Sunny Station**, árgerð '94, ekinn 40 þú. km., 4x4, rafmagn í öllu, beinskíptur, góð kjör fyrir góðan bíl. Upplýsingar í síma 456 7467

Til sölu **Brio kerruvagn**, rimlarúm og baðborð með skúffu. Upplýsingar í síma 456 7467

**Brautarholt 12** á Ísafirði, sem er einbýlishús ásamt bílskúr, er til sölu. Upplýsingar í síma 456 3627

Til sölu **glæsilegt raðhús** á tveimur hæðum ásamt bílskúr að Hafraholti 6, Ísafirði. Upp-

lýsingar í síma 456 4734

**Grunnvíkingar!** Fjölmennum í sumarkaffi félagsins sem verður á Hótel Ísafirði fimmtudaginn 8. maí kl. 15:00. Nefndin.

**Þarfðu að láta kjarnabora!** Hafðu þá samband í síma 854 9499, Guðmundur.

Til sölu **Mitsubishi Lancer** 4x4, árgerð '93, í toppstandi. Upplýsingar í síma 456 7741

**Bílskúr óskast** til leigu á Ísafirði sem allra fyrst. Upplýsingar í síma 897 6798

Til sölu vel með farinn **Toyota Touring GLL**. Upplýsingar í síma 456 7216

Til sölu **fermingarföt** á dreng. Upplýsingar í síma 456 7411

Fallegir **páfagaukar** til sölu. Upplýsingar í síma 456 7559

**Kisu vantar heimili** - helst í sveit. Upplýsingar í síma 456 5224

**Til sölu** varahlutir í BMW 318i, girkassi, mótör, drif, boddhlutur, álfelgur og dekk. Einnig til sölu Mercedes Benz 300D, árgerð '81, 5cyl., sjálfsk., útvarp/segulb., góður bíll. Upplýsingar í síma 434 1166 eða 852 7544

Óska eftir vel með förunum **kerruvagni**. Upplýsingar í síma 456 7284





# 10 ára

afmælishátíð um helgina

**Original**  
**Bítlavinafélagið**  
**Original**  
**Sálin hans Jóns míns**  
**skemmta í Sjallanum**

**Hljómsveitin**  
**Bland í poka**

Bland úr Vinum Vors og Blóma, Pláhnnetunni, Galileo og fleiri böndum

**skemmta í Krúsinni**

**Sama verð á sterkum drykkjum og var fyrir 10 árum á fimmtudag, föstudag, laugardag og sunnudag til kl. 01:00**



**PIZZA- OG PASTA-  
 HLADBORD**

Í HÁDEGINU Á FIMMTUDÖGUM OG FÖSTUDÖGUM



**FJARÐARBIÓ**



**Bound**

Fimmtudag kl. 21:00



**Michael**

Sunnudag kl. 21:00  
 Mánudag kl. 21:00



## Til sölu

Til sölu er sumarbústaður til flutnings. Hann er til sýnis á lóð Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði. Verðhugmynd kr. 2.100.000,-

Nánari upplýsingar veitir Andrés.

Múr- og málningaþjónustan Höfn  
 Réttarhálsi 1, 110 Reykjavík  
 Sími: 587 5100, fax: 587 5110



Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði

## Fjögurra herbergja íbúð

Óskast nú þegar fyrir einn af hinum ágætu starfsmönnum Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði.

Æskilegt er að eignin sé staðsett á Eyrinni. Nánari upplýsingar veitir framkvæmdastjóri, Guðjón S. Brjánsson í vs. 456 4500 eða í s. 897 4661 utan dagvinnu.

## Atvinna

Óskum að ráða nú þegar starfsfólk við ræstingar.

Upplýsingar veitir framkvæmdastjóri frá kl. 08:00 til kl. 17:00 á skrifstofu, Mánagötu 1, 2. hæð og síma 456 5367.

**Á Eyrinni**  
 Deitingastaður Kaffihús  
 Mánagata 1 - Sími 456 4500 Fiskerhúsið árið 1988

## Arnar G. Hinriksson hdl.

Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

## Fasteignaviðskipti

Eftirtaldar eignir eru einungis sýnishorn úr sölu-skrá okkar, leytið nánari upplýsinga á skrifstofu.

### ÍSAFJÖRÐUR:

**Fjarðarstræti 14:** 95m<sup>2</sup> sérhæð í tvíbýlishúsi ásamt 2/3 hluta kjallara og geymsluskúr. Tilboð óskast.  
**Stórholt 11:** 3ja herbergja íbúð á 3. hæð fyrir miðju. Laus. Verð 4.300.000,-  
**Sunnuholt 1:** Eitt glæsilegasta einbýlishúsið í bænum. 277m<sup>2</sup> ásamt 40m<sup>2</sup> bílskúr. Verð 15.500.000,-  
**Dalbraut 10:** 115m<sup>2</sup> einbýlishús ásamt bílskúr. Skipti á íbúð í Hafnarfirði koma til greina. Verð: 7.800.000,-  
**Miðtún 31:** 190 m<sup>2</sup> endaraðhús á 2 hæðum. Tilboð óskast.

**Mánagata 6:** Efri hæð 155m<sup>2</sup> 5-6 herbergja. Laus fljótlega. Verð: 6.300.000,-  
**Silfurgata 11:** 3ja herbergja íbúð á 1. hæð. Verð: 4.000.000,-  
**Stakkanes 6:** Rúmlega 140m<sup>2</sup> raðhús ásamt bílskúr og sólstofu. Verð 11.500.000,-  
**Mjallargata 6:** Norðurendi, 2x40m<sup>2</sup> 4ra herbergja íbúð ásamt tvöföldum bílskúr. Íbúðin er laus. Verð: 3.600.000,-  
**Strandgata 7:** Þetta hús er nú til sölu á aðeins kr. 6.500.000,-  
**Pólgata 4:** 5 herbergja íbúð á 3. hæð. Verð: 3.600.000,-



Ljósaland 6: 2x126m<sup>2</sup> einbýlishús. Hagstæð lán. Verð: 4.000.000,-

### BOLUNGARVÍK:

**Holtabrún 6:** 230m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 10.000.000,-  
**Stigahlíð 2 og 4:** 2ja og 3ja herbergja íbúðir. Verð: 1.500.000,- til 3.000.000,-  
**Völusteinsstræti 9:** 130m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Nýuppgerð að utan. Verð: 6.800.000,-  
**Völusteinsstræti 28:** 150m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Nýuppgerð að utan. Verð: 7.000.000,-  
**Kirkjuvegur 2:** 214m<sup>2</sup> glæsilegt einbýlishús með innbyggðum bílskúr. Laust samkvæmt samkomulagi.  
**Traðarland 10:** Einbýlishús ásamt bílskúr. Verð: 7.200.000,-  
**Traðarland 24:** 200m<sup>2</sup> einbýlishús í lélegu ástandi. Selst ódyrt á góðum kjörum.  
**Vitastigur 11:** Neðri hæð. 82m<sup>2</sup> 3ja herbergja íbúð. Tilboð óskast.  
**Vitastigur 21:** 3ja herbergja íbúð á efri hæð. Laus eftir samkomulagi. Verð: 2.600.000,-  
**Völusteinsstræti 4:** 2x126m<sup>2</sup> einbýlishús. Skipti á minni eign koma til greina.

### SUÐUREYRI:

**Hlíðarvegur 3:** 147m<sup>2</sup> tvílyft einbýlishús auk 40m<sup>2</sup> bílskúrs. Eignin er í mikilli niðurníðslu og selst ódyrt.  
**Aðalgata 9:** U.þ.b. 90m<sup>2</sup> einbýlishús.

### FLATEYRI:

**Ránargata 5:** Gamalt járnslagið timburhús sem er illa farið. Verð 500.000,-

### PINGEYRI:

**Fjarðargata 6:** Einbýlishús á 2 hæðum. Húsið er illa farið og selst ódyrt.  
**Vallargata 6:** 98,6m<sup>2</sup> raðhús á einni hæð. Verð 2.600.000,-

### PATREKSFJÖRÐUR:

**Strandgata 11A:** Einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara. Húsið er illa farið að innan, en ný klætt að utan. Verð: 2.600.000,-

### BARÐARSTRÖND:

**Þverá:** Einbýlishús í fögru umhverfi í grend við Vatnsfjörð á Barðarströnd. Verð: 3.500.000,-



Urðarvegur 60: Glæsilegt raðhús, alls rúmlega 200m<sup>2</sup>, ásamt bílskúr. Skipti á minni eign á eyrinni koma til greina. Tilboð.

## Atvinna

Óskum eftir að ráða starfskraft í byggina-vinnu. Mikil vinna.

Allar nánari upplýsingar í síma 456 4530. Naglinn ehf.

## Athvarf í Reykjavík

Til sölu er falleg einstaklingsíbúð að Vallarási 5 (austast í borginni). Íbúðin er 40m<sup>2</sup>. Verð kr. 3.900.000,-

Upplýsingar veitir Hrafnhildur Gísladóttir í síma 565 7855.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu.

**Ingibjargar Sigurgeirsdóttur**  
 Hlíf, Ísafirði

Guð blessi ykkur öll.

Þorgrímur Guðnason  
 Pálína Kristín  
 Eiríkur Þórðarson  
 Sigurgeir Bjarni  
 barnabörn og barnabarnabörn.





# Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 170 m/vsk



Bílstjórnarnir Agnar Sigurðsson og Bjarni Gunnarsson ásamt Önnu Guðný Aradóttur, yfirmanni landflutninga Samskipa og stjórnarmanni í FMV.

## Ísafjörður

# Flutningamiðstöð Vestfirðna hefur formlega starfsemi

Formlegri opnun Flutningamiðstöðvar Vestfirðna ehf. var fagnað með hófi s.l. miðvikudagskvöld í aðalstöðvum fyrirtækisins að Sindragötu 11, á Ísafirði. Til hófsins var boðið fulltrúum fyrirtækja á norðanverðum Vestfirðum og notuðu forsvarsmenn Flutningamiðstöðvarinnar tækifærið og kynntu fyrir væntanlegum viðskiptavinum þá þjónustu sem í boði verður.

Að sögn Veturlíða Veturlíðasonar, verkstjóra vöruafgreiðslu FMV, hafa þeir Bjarni Gunnarsson og Agnar Sigurðsson verið ráðnir til starfa sem verktakar við akstur á leiðinni Ísafjörður Reykjavík og munu þeir nota til þess eigin vöruflutningabílfreiðar sem þeir

hyggjast festa kaup á, á næstunni, en FMV mun leggja þeim til bíla þar til af því verður. Auk þess hefur Sigurður Óskarsson verið ráðinn bílstjóri.

FMV er með aðstöðu hjá Landflutningum í Reykjavík og verða ferðir til Ísafjarðar alla virka daga kl. 17:00 nema föstudaga, en þá er farið frá Reykjavík kl. 16:00. Að sögn Veturlíða verða bílar sem koma frá Reykjavík, tilbúnir til losunar kl. 7 að morgni og áætlanir gera ráð fyrir að vörudreifingu frá Ísafirði sé lokið fyrir hádegi. Umboðsmenn um alla norðanverða Vestfirði hafa verið ráðnir til starfa en þeir eru: Kaupfélag Dýrfirðinga á Þingeyri, Þorsteinn Guðbjartsson á Flateyri,

Árni Árnason á Suðureyri, Hólsvélar ehf. í Bolungarvík og Sigurgeir Garðarsson í Súðavík.

Aðspurður sagði Veturlíði ekki reikna með því að háð yrði verðstríð milli vöruflutningafyrirtækjanna heldur yrði þjónustan sá þáttur sem yrði ráðandi í samkeppninni, a.m.k. af hálfu Flutningamiðstöðvar Vestfirðna. Hann sagði að mótökurnar fram að þessu hafi verið góðar og fyrsti bílinn ásamt tengivagni, sem voru losaðir á laugardaginn, hafi verið smekktullir af vörum. Fimm starfsmenn vinna hjá fyrirtækinu auk bílstjóranna og þar af þrír við vöruafgreiðslu. Framkvæmdastjóri FMV er Guðmundur Hólm Indriðason.



## Smíðar skúlptúr úr gufukatli

Jón Sigurpálsson, myndlistarmaður á Ísafirði, vinnur þessa dagana að því að breyta gömlum gufukatli í skúlptúr. Ketillinn, eða skúlptúrin að verki loknu, verður settur upp á sýningu sem ellefu myndlistarmenn úr Myndhöggvarafélaginu hafa ákveðið að efna til að Skálholti í Borgarfirði í tilefni af 1000 ára kristnitöku á Íslandi. Aðstoðarmaður Jóns við verkið er Páll Loftsson. Meðfylgjandi mynd var tekin af þeim um miðja síðustu viku er þeir unnu að skúlptúrnum í Skipasmíðastöðinni hf., á Ísafirði.

## Forsætisráðherra afhent bréf vegna bágs atvinnuástands á Þingeyri

Sóknarpresturinn á Þingeyri, sr. Guðrún Edda Gunnarsdóttir og héraðslæknirinn á staðnum, Björn Önundarson, hafa afhent forsætisráðherra bréf þar sem vakin er athygli á bágu ástandi vegna atvinnuleysis á staðnum. „Við undirrituð erum í hópi þeirra íbúa á Þingeyri, sem beðið hafa þolinmóðir eftir niðurstöðum þeirra, sem fjallað hafa um atvinnuleysið hér á Þingeyri. Þessi bið, sem staðið hefur í allan vetur, sífellt eftir niðurstöðum næsta fundar, hefur engum niðurstöðum skilað. Sem opinberir embættismenn með setu hér á Þingeyri er okkur ljós, að örvænting er

# Örvænting að grípa um sig meðal íbúa staðarins

að grípa um sig meðal íbúa þessa fagra og friðsæla sjávarþorps. Í störfum okkar sem héraðslæknir og sóknarprestur verður okkur búið fólksins ljósara með hverjum degi sem líður,” segir m.a. í bréfinu.

Þá segir í bréfinu að lengi hafi blómgast gott mannlíf á Þingeyri, sem á sér djúpar rætur í vestfirskri menningu. „Nú er svo komið að fólk neyðist til að flýja bú sín og byggð líkt og áhöfn sökkvandi skips. Eignir

þessa fólks og önnur verðmæti, sem það hefur skapað sér á lífsferlinum, eru verðlaus. Og engar miskunnar er að vænta af hálfu hins opinbera. Fasteignagjöld, skattar og skyldur eru innheimt af þeim, sem enga

atvinnu hafa. Það liggur nú fyrir, að á næstu vikum eru a.m.k. 30 einstaklingar að flytjast á brott í byggðarlaginu, þar sem þeir geta ekki dregið fram lífið við núverandi aðstæður.”

Bréfitarar telja það skyldu sína að tjá forsætisráðherra, þar miklu áhyggjur sem þau og aðrir íbúar á Þingeyri og raunar allir Vestfirðingar hafa af þeirri óheillaþróun, sem hefur átt sér stað á Þingeyri. „Það er yfirlýst stefna ríkisstjórnar yðar að halda blómlegri byggð í þessu landi og því teljum við, hr. forsætisráðherra, að nú reyni á þau fyrirheit, sem ríkisstjórnin hefur gefið í þessum efnunum,” segir í bréfinu.

Afrit af bréfinu var sent til forseta Íslands, ráðherrum í ríkisstjórn Íslands, þingmönnum Vestfirðakjördæmis o.fl.